

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
1. fundur 2021 (101. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 25.01.2021 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Kristinn Halldórsson	"
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Skúli Lýðsson	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Pétur Bolli Jóhannesson	"

Einar Jón tók þátt í fundinum með fjarfundarbúnaði.

1. Lýsing á skipulagi fyrir Njarðvíkurhöfn. Erindi Reykjanesbæjar

Lagt var fram erindi skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar, dags. 21.12.2020, þar sem óskað er eftir umsögn um skipulagslýsingu vegna áforma um breytingu á aðstöðu syðst í Njarðvíkurhöfn og á aðliggjandi athafnasvæði. Meðal framkvæmda er bygging þurrkvíar, dýpkun hafnarinnar, sjóvarnargarður, landfylling og viðlegukantur.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna. Nefndin vekur athygli á að skipulagsreglur Keflavíkurflugvallar gilda um fyrirhugað framkvæmdasvæði.

Guðlaugur H. Sigurjónsson fulltrúi Reykjanesbæjar í skipulagsnefndinni tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

2. Umferðarskipulag norðan Flugstöðvar (Reykjanesbraut og umferð innan lóðar Flugstöðvarinnar). Framhald frá síðasta fundi

Lagt var fram erindi Stefáns Gunnars Thors, VSÓ Ráðgjöf, dags.19.01.2021, þar sem hann tjáir það álit sitt að ekki þurfi að breyta aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar vegna fyrirhugaðra breytinga á umferðarskipulagi við Flugstöðina.

Lagt var fram erindi Hornsteina arkitekta, dags. 21. 01.2021, þar sem fram kemur það álit deiliskipulagshöfunda svæðisins að um sé að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Svárið byggist m.a. á óformlegum svörum Skipulagsstofnunar við fyrirspurn um málið, dags. 19. og 20.01.2021.

Skipulagsnefndin samþykkti að um óverulega breytingu á deiliskipulagi sé að ræða og fram skuli fara grenndarkynning meðal þeirra aðila sem hagsmuna hafi að gæta að mati nefndarinnar. Skipulagsbreytingin verði þannig kynnt Vegagerðinni og Isavia.

3. **Kynning á framkvæmdum Isavia 2021**

Páll Svavar Pálsson, Isavia, kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir Isavia á árinu 2021. Gert er ráð fyrir framkvæmdum að upphæð 12 milljarða króna á árinu. Framkvæmdirnar eru eftirtaldar:

- Viðbygging austurálmú (east wing) á einni hæð með kjallara
- Stæði 10: Viðbygging á tveimur hæðum án kjallara
- Gerð nýrrar 1.200 m akbrautar fyrir flugvélar samsíða Echo sem tengir saman flughlað Flugstöðvarinnar við flugbraut
- Viðhald á einni af stóru akbrautum, Kilo, í flugbrautakerfi flugvallarins
- Nýr 1.500 m þjónustuvegur til að bæta umferðarflæði að framkvæmdasvæðum, sjá lið 4. í fundargerð þessari.
- Ný 500 m hringtenging í forgarði Flugstöðvarinnar, tenging við Reykjanesbraut. Sjá lið 2. í fundargerð þessari, háð breytingu á deiliskipulagi.

Skipulagsfulltrúa var falið að ræða við fulltrúa Isavia um skipulagslegar forsendur akbrautar samsíða Echo.

4. **Breyting á deiliskipulagi Keflavíkurflugvallar vegna tengingar þjónustuvegar við Reykjanesbraut**

Með bréfi, dags. 22. desember 2020, tilkynnti Skipulagsstofnun að stofnunin hefði staðfest ofangreinda breytingu á deiliskipulagi NA svæðis Keflavíkurflugvallar.

5. **Fulltrúi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar HMS**

Skúli Lýðsson sem verið hefur áheyrnarfulltrúi HMS í skipulagsnefndinni lætur af störfum á næstunni fyrir aldurs sakir. Í hans stað kemur Pétur Bolli Jóhannesson. Skúla er þakkað samstarfið og Pétur er boðinn velkominn til starfa.

6. **Næsti fundur**

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 22. febrúar 2021 kl. 08:15 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx